

**Nd.**

**457. Nefndarálit**

**[11. mál]**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 15. apríl 1971, sbr. lög nr. 57 21. apríl 1974, um fiskvinnsluskóla.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum og leitað álits hjá Fiskifélagi Íslands, Framleiðslueftirliti sjávarafurða og Fiskvinnsluskólanum.

Á fundi nefndarinnar komu forstjóri Framleiðslueftirlitsins, Jóhann Guðmundsson, og skólastjóri Fiskvinnsluskólans, Sigurður Haraldsson.

Samband var auk þess haft við fulltrúa Fiskiðnar, fagfélags fiskiðnaðarins.

Sjávarútvegsnefnd var sammála um að mæla með samþykkt frv. með smávægilegum breytingum, sem tillögur eru fluttar um á sérstöku þingskjali.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Páll Pétursson.

Alþingi, 24. febr. 1981.

Garðar Sigurðsson,  
form., frsm.

Karvel Pálmason,  
fundaskr.

Matthías Bjarnason.

Halldór Ásgrímsson.

Halldór Blöndal.